



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík, 7. september 2026

Atvinnuvegaráðuneytið

Málsheiti og númer: **Áform um breytingu á lögum um bókhald (ný heildarlög) – Mál nr. S-151/2026**

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) fagnar því að endurskoðun á lögum um bókhald standi yfir. Mörg ákvæði laganna eru barn síns tíma og líkt og bent er á í umfjöllun um áformaskjalið í samráðsgátt þá hefur tækninni fleygt fram og þurfa ný lög að endurspeglar breyttan veruleika.

Þar sem frumvarpsdrög liggja ekki enn fyrir þá telur FLE ekki efni til að koma með margar efnislegar athugasemdir á þessu stigi máls en í umfjöllun við áformaskjalið eru nefnd flest þau atriði sem FLE telur að taka þurfi tillit til við uppfærslu og endurútgáfu laganna. Þó má hér nefna tvö atriði.

Í fyrsta lagi segir í umfjöllun um áformaskjalið að fyrirhugað sé að endurskoða stöðu skoðunarmanna og að ábendingar hafi borist um að þetta sé falskt öryggi. FLE er sammála þessu og telur sérstaklega mikilvægt að þetta verði skoðað ofan í kjölinn. FLE hefur ítrekað bent á þá alvarlegu ágalla sem fylgja núverandi ákvæðum um skoðunarmenn.

Í öðru lagi þá telur FLE nauðsynlegt að við lagasetninguna verði hugað sérstaklega að notkun gervigreindar, sjálfvirknivæðingu og öðrum tæknibreytingum. Gervigreind og sjálfvirknivæðing hafa verið að ryðja sér til rúms þegar kemur að færslu bókhalds og er viðbúið að sú þróun haldi áfram á næstu árum. Því er hætt við að nýju lög in yrðu að einhverju leyti fljótt úrelt ef í þeim verður ekki tekið á notkun gervigreindar, sjálfvirknivæðingu og öðrum tæknibreytingum.

FLE á fulltrúa í vinnuhópi sem komið hefur verið á laggirnar vegna endurskoðunar á bókhaldslögunum en FLE er jafnframt tilbúið að leggja sitt af mörkum í þeirri vinnu sem fram undan er ef eftir því verður leitað.

FLE gerir ráð fyrir því að senda umsögn um frumvarpsdrög þegar þau verða birt í samráðsgátt sem og umsögn um endanlegt frumvarp þegar umsagnarbeiðnir koma frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda
Unnar Friðrik Pálsson,
Framkvæmdastjóri FLE